



Verkefnisráðgjafi Austurlands

Sjálfsmat haustönn 2008

Áfangaskýrsla

Sjálfsmat Verkmenntaskóla Austurlands

Áfangaskýrsla haustönn 2008

Á haustönn 2008 skipuðu eftirtaldir starfsmenn sjálfsmatsnefnd VA: Gunnar Ólafsson formaður, Sigurborg Hákonardóttir, Pjetur St. Arason og Svanlaug Aðalsteinsdóttir. Eins og undanfarin ár var fundað einu sinni í viku, klukkustund í senn, á þriðjudögum kl. 8:30. Auk þess unnu nefndarmenn að ýmsum verkefnum milli funda.

Unnið var eftir sjálfsmatsáætlun VA fyrir árin 2006-2009 en samkvæmt henni var á dagskrá haustannar að athuga nám og kennslu:

Haustönn 2008 - Nám og kennsla

- *Aðbúnaður í skólanum; verkkenndu, bóklegir kennslu, bókasafni, félagsaðstöðu nemenda, o.fl.*
- *Markmið náms; tengls markmiða og námsefni, skiplag og ábyrgð á kennslu nemenda, gæði námsefnis, kennsluáferðir o.fl.*

Auk þessa var framkvæmt hefðbundið áfangamat og heimavistarkönnun.

Aðbúnaður í skólanum (að hluta til unnið vorið 2008)

Bóknámshús: Vorið 2007 gerðu starfsmenn skólans úttekt á öllu húsnæði skólans og umhverfi hans. Skipt var í hópa og fékk hver hópur ákveðnar stofur til að fara yfir. Allir hóparnir gerðu síðan úttekt á umhverfi skólans. Ekki hefur tekist að finna niðurstöður úttektarinnar nema fyrir stofur 8, 9, 10, 11 og 12 auk einnar úttektar á umhverfi skólans. Í haust voru starfsmenn skólans látnir forgangsraða tillögum sem fram komu við þessa úttekt og sem fram hafa komið í ýmsum þeim könnunum sem gerðar hafa verið.

Verkkennsluhús: Verið er að ljúka við viðbyggingu við verkennsluhús VA. Með tilkomu þess batnar aðstaða og aðbúnaður allur við verkkenndu. Í tengslum við þessa vinnu hafa verkgreinakenningar tekið saman tækjalista yfir þann búnað sem þarf vegna viðbyggingarinnar. Þá hefur verið bent á að það vantar kaffiaðstöðu þar í nýju viðbyggingunni, en kaffiaðstaðan var tekin undir tengigang.

Bókasafn: Í vor var gerð könnun meðal kennara um aðstöðu á bókasafni (sjá áfangaskýrslu fyrir skólaárið 2007-2008)

Félagsaðstaða nemenda: Sent var bréf til stjórnar NIVA varðandi félagsaðstöðu nemenda.

Markmið náms

Ákveðið að fresta þessum lið að mestu í ljósi þess að samþykkt hafa verið ný framhaldsskólalög. Í nýju lögunum er á ferðinni alveg ný hugsun hvað varðar markmið náms, tengls markmiða og námsefni, skipulag og ábyrgð á kennslu, en í vinnuskjali um Ný framhaldsskólalög segir: "Skólar þurfa að laga starf sitt að nýjum lögum og útgefni menntastefnu. Fjölmörg atriði sem snerta stefnumótun skólanna eru dregin fram í lögunum.

Þau snerta ekki einvörðungu námsframboð og inntak náms heldur einnig skipulag stofnananna og markmið skólstarfsins." (Menntamálaráðuneytið 2008)

Í áfangamati haustsins var spurt um kennsluaðferðir og námsmatsaðferðir. Niðurstöðurnar voru bornar saman við niðurstöður frá vorönn 2003.

Áfangamat

Að þessu sinni var valin sú leið að meta einn áfanga hjá sérhverjum kennara og voru tveir af þeim fjaráfangar, kenndir gegnum fjarfundarbúnað og kennsluvef. Í áfangamatinu voru aukaspurningar um kennsluaðferðir og matsaðferðir.

Heimavistarkönnun

Gerð var heimavistarkönnun en samskonar könnun var gerð vorið 2005 og eru niðurstöðurnar bornar saman.

NIÐURSTÖÐUR

Aðbúnaður í skólanum

Í könnunum meðal starfsfólks skólans gegnum tíðina hafa ýmsar hugmyndir komið fram um endurbætur á húsnæði skólan. Eins og áður sagði var gerð úttekt Vorið 2007 á húsnæðinu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki enn tekist að hafa upp á niðurstöðum þessarar úttektar nema fyrir stofur 8, 9, 10, 11 og 12. Hugmyndum sem komu fram þar og ýmsum öðrum áður framkomnum hugmyndum var síðan blandað saman og starfsfólk beðið að forgangsraða þeim á starfsmannafundi þann 19. nóvember (viðauki 1). Starfsfólk var beðið að velja 7 atriði um húsnæði og forgangsraða þeim og forgangsraða síðan 6 atriðum varðandi umhverfi skólans. Í úrvinnslunni var síðan gefin einkunn þ.a. sú hugmynd sem var valin nr. 1 í forgang fékk 7 í einkunn og síðan stíglækkandi. Sú hugmynd sem fékk flest stig var þá sett efst í forgangs röðina og svo koll af kolli.

Tafla 1. Forgangsröð tillagna um endurbætur á húsnæði og aðbúnaði.

Endurbætur - kennsluhúsnæði	Stig
Endurnýja húsgögn í kennslustofum.	65
Bókasafn þyrfti að efla t.d.ný húsgögn og búnað.	40
Kerfisloft í hverja stofu.	36
Nýja kennarastóla í kennslustofur þar sem við á.	34
Endurnýja húsgögn í sameiginlegum rýmum.	26
Breyta lýsingu í stofum þ.a. hægt sé að slökkva við töflu.	25
Skilrúm og hillur á kennararými.	23
Kortakerfi í stofur 5, 8 og 9.	22
Algjöra endurskipulagningu á stofu 9 i m.t.t. efna-, eðlis- og líffræðikennslu.	21
Listaverk á hverrja hæð í læstum kössum, t.d. úr safni Tryggva Ólafssonar.	16
Prentara hjá ljósritunarvél á gangi fyrir nemendur.	16
Flott fiskabúr í skólann í samvinnu við Búlandið og fleiri aðila.	15
Nýta skot utan frá gangi sem sýningarskáp í stofum 8 og 9.	15
Setja loftræstingu í bóknámshús.	15
Monitor fyrir kennara í stofu 11.	12
Setja upp vatnsvél með klakavél á kaffistofu starfsfólks.	4
Skjávarpa í stofu 12.	4
Gefa stofum nöfn.	2

Tafla 2. Forgangsröð tillagna um endurbætur á umhverfi skólans.

Endurbætur - umhverfi	Stig
Stoppa bílaumferð að norðanverðu.	58
Skilti þarf að endurnýja, á vegg eða ofar, þríhyrningur á nv-horn lóðar.	58
Setja skýli yfir öskutunnur / þak yfir reiðhjólstatíf (reyksvæði).	56
Henda blómakerjum – steinker í staðinn.	53
Fjölga trjám að norðanverðu og runnum.	51
Runna ofan við göngustíg að norðanverðu.	48

Lagt er til að þegar farið verður af stað með endurbætur í bóknámshúsi þá verði þessi listi hafður til hliðsjónar þar sem hann endurspeglar vilja starfsmanna.

Undanfarin ár hefur verið rætt um það að skipa/virkja umhverfisnefnd skólans. Lagt er til að það verði gert í kringum grænfánann og þeirri vinnu verði hrint af stað á næstu önn. Þegar síðan veður farið í að skipuleggja á umhverfi skólans verði þessi listi hafður til hliðsjónar.

Félagsaðstaða nemenda

Eftirfarandi bréf var sent stjórn NIVA:

Heil og sæl

Gæðanefnd Verkmenntaskóla Austulands hefur það hlutverk að fylgjast með gæðum þess starfs sem á sér stað innan veggja skólans og tryggja að það

verði sem best. Nemendur skólans verða varir við starf nefndarinnar þegar kemur að mati á áföngum sem kenndir eru. Á þessum vetri á að skoða aðbúnað í skólanum, húsnæði og fleira. Því vill nefndin fara þess á leit við Nemendafélag skólans (NÍVA) að það geri rækilega úttekt á félagsaðstöðu nemenda.

Í því sambandi eru nokkrar spurningar sem hægt er að hafa í huga. Þær eru eftirfarandi:

Hvaða aðstöðu lætur skólinn nemendum í té til þess að sinna sínu félagslífi?

Hverjir eru kostir aðstöðunar?

Hvernig hentar hún til þeirra þarfa sem henni er ætluð?

Hvernig nýta nemendur sér aðstöðuna?

Hvernig er gengið um aðstöðuna?

Hvaða gallar eru á henni?

Hvaða breytingar vilja nemendur sjá á aðstöðunni?

Er eitthvað sem vantar?

Er eitthvað annað sem ykkur langar að taka fram varðandi félagsaðstöðu nemenda?

Vinsamlegast setjist yfir þetta og sendið okkur svör ykkar við fyrsta tækifæri.

Kveðja

fh. gæðanefndar

Pjetur St. Arason

Svör NIVA voru þessi:

Gjörðu svo vel Pjetur

Hvaða aðstöðu lætur skólinn nemendum í té til þess að sinna sínu félagslífi?

Við höfum setustofuna til þess að horfa á sjónvarpið, fara í púl, í fótboltaspil, í skák, í borðtennis. Það má segja að setustofan okkar sé einhverskonar félagsmiðstöð.

Hverjir eru kostir aðstöðunar?

Kostir aðstöðunar eru þeir að við getum farið þanngað í eyðum eða frímínútum og slakað á í púli eða einhverju af ofangreindu.

Hvernig hentar hún til þeirra þarfa sem henni er ætluð

Hún hentar mjög vel.

Hvernig nýta nemendur sér aðstöðuna?

Það eru oftast mjög margir nemendur í setustofunni.

Hvernig er gengið um aðstöðuna?

Hún er ekki nóg of góð og ef hún mun halda svona áfram þá þarf að skipta um eða bæta leiktækin.

Hvaða gallar eru á henni?

Helstu gallarnir á aðstöðinni mun örugglega vera umgengni.

Hvaða breytingar vilja nemendur sjá á aðstöðunni?

Skipta um dúk á púlborðinu er það eina sem við höfum heyrt.

Er eitthvað sem vantar?

Nei.

Er eitthvað annað sem ykkur langar að taka fram varðandi félagsaðstöðu nemenda?

Nei.

Af þessu svörum mætti ráða að nemendur eru nokkuð ánægðir með aðstöðu sína. Þegar spurt er um galla, breytingar og hvort eitthvað vanti er talað um umgengni og að það vanti dúk á púlborð (poolborð). Orðalagið bendir til þess að ekki hafi verið vandað sérstaklega til þessarar könnunar eðal nemenda og því er lagt til að gerð verði önnur könnun meðal allra nemenda skólans á vorönn 2009.

Áfangamat

Að venju var framkvæmt hefðbundið áfangamat undir lok annarinnar (viðauki 2). Að þessu sinni var ákveðið að meta einn áfanga hjá hverjum kennara. Samtals voru metnir 22 áfangar þar af tveir fjaráfangar og fengust svör frá 119 nemendum, af þeim voru 34 fjarnemar. Niðurstöður áfangamatsins ásamt þeim athugasemdum sem fram komu voru sendar kennurum og skólameistara.

Tafla 3. Niðurstöður áfangamats. Meðaltal þar sem 1 er lægst og 5 er hæst.

Spurning	Já	Nei	Meðaleinkunn	
Fékkst þú kennsluáætlun í upphafi annar?	132	17	Vor 2008	
Hvernig kennsluáætlun er fylgt			4,0	
Skipulag kennarans			4,0	4,0
Samskipti þín við kennarann			4,2	3,9
Viðmót kennarans við nemendur			4,3	
Kennslu greinarinnar í heild			3,9	
Námsefni			4,0	3,6
Hefðir þú viljað fá meira eða öðruvísi námsefni?	19	132		
Er kennsluvefurinn notaður í áfanganum?	61	86		
Ef já, hversu ánægð(ur) ert þú með hann?			3,8	3,5
Fyrirkomulag íþróttakennslu			3,0	
Meðaltal án íþróttá			4,0	

Ef þessar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður vorannar 2008 þar sem sömu spurninga var spurt, þá sést að þær eru aðeins hærri í haust. Samanburður við undanfarin ár sýnir þá tilhneigingu að einkunnir eru nokkuð hærri á haustönnum heldur en vorönnum. Þó ber að taka þessu með fyrirvara, þar sem fjöldi svara gefur ekki tilefni til að prófa fyrir marktækni. Einnig er fjöldi svara mun meiri nú en á fyrri önnum.

Stefnt er að því að útfæra áfangamatið betur á vorönn 2009. Ætlunin er að gera þetta mat rafrænt og nota til þess vef *SurveyMonkey* eða sambærilegan. Með því að fara þessa leið verður hægt að meta fleiri áfanga á önn og jafnvel alla áfanga ef tilefni er til þess þar sem öll úrvinnsla gagna verður mun fljótlegri.

Í töflu 3 sést að 61 svara játandi og 86 neitandi spurningunni um hvort kennsluvefurinn sé notaður í áfanganum. Þessi spurning var hugsuð þannig að þeir sem svöruðu játandi áttu að meta kennsluvefinn. Tölurnar segja ekkert um það hvað kennsluvefurinn er notaður í mörgum áföngum. Af þeim 22 áföngum sem metnir voru er kennsluvefurinn notaður í 9 áföngum. Kennsluvefurinn er ekki notaður í verklegum áföngum og ekki í 5 bóklegum.

Þarf að fjölga áföngum þar sem kennsluvefurinn er notaður og sérstaklega verklegum áföngum. Not hans þar getur verið með þeim hætti að kennsluáætlun er sett inn í upphafi annar og síðan er hægt að færa daglega/vikulega það sem gert er í tímum. Allt aukaefni sem nemendur fá, t.d. ljósrit, gömul prófverkefni o.fl., er hægt að setja inn á kennsluvef.

Athugasemdir

Ýmsar athugasemdir komu fram í áfangamatinu. Þær voru allar sendar viðkomandi kennurum og skólameistara sem mun fara yfir þær með kennurum í starfsmannasamtölum. Áberandi voru athugasemdir um fyrirkomulag íþróttakennslu. Fannst nemendum sem það þyrftu að vera íþróttatímar í töflu með íþróttakennara og nokkrum fannst hart að þurfa að borga úr eigin vasa fyrir íþróttaeiningar. Einnig var bent á að kennarar þyrftu að hafa meiri samband sín á milli og taka tillit til þess að þeir væru í fleiri áföngum. Sennilega á þetta aðallega við um skil stórra verkefna og skyndipróf í kringum miðannarmat.

Sprotavika/þemavika

Í áfangamati á haustönn 2008 var spurt um sprotaviku/þemaviku:

Í fyrirhugaðri sprotaviku á vorönn er stefnt að því að brjóta upp hefðbundna kennslu hluta úr degi. Hvernig vilt þú verja þessum tíma?

1. Í sérstakt þema
2. Í hópavinnu
3. Í fyrirlestra og fræðslu um ýmis málefni
4. Í námskeið
5. Í smiðjuvinnu í listgreinum
6. Eða eitthvað allt annað, hvað?

Niðurstöðurnar eru þessar:

Spurning	%
Í sérstakt þema	23
Í hópavinnu	23
Í námskeið	20
Í smiðjuvinnu í listgreinum	20
Eða eitthvað allt annað, hvað?	11
Í fyrirlestra og fræðslu um ýmis málefni	5

Eitthvað allt annað sem þau nefndu er:

Atriði	fjöldi
Verklegt	1
Vill vinna	1
Íþróttir	3
Heimsækja grunnskóla	1
Námskeið í einhverju sem nýtist úti á vinnumarkaði	1
Karnivalgangan	1

Ályktanir sem draga má af þessum niðurstöðum eru fyrst og fremst þær að svo virðist sem nemendur séu orðnir þreyttir á karnevalgöngu og vilji gera eitthvað annað í staðinn. Það sem stendur upp úr er þemu, hópavinna, námskeið og smiðjuvinna.

Kennsluaðferðir og matsaðferðir – aukaspurningar í áfangamati

Að þessu sinni voru aukaspurningarnar um kennsluaðferðir og matsaðferðir sem notaðar eru í skólanum. Nemendur áttu að merkja við þær kennsluaðferðir sem kennarar nota mest og síðan að velja þrjár aðferðir sem henta þeim best. Sama var síðan gert fyrir matsaðferðir. Samskonar könnun var gerð á vorönn 2003 og eru niðurstöðurnar bornar saman.

Tafla 4. Mest notaðar kennsluaðferðir árin 2003 og 2008.

Lestu yfir listann og merktu við þær ÞRJÁR kennsluaðferðir sem eru mest notaðar af kennurum þínum			
Kennsluaðferð	% 2003	Kennsluaðferð	% 2008
Einstaklingsvinna	28,3	Einstaklingsvinna	23,9
Hóp eða paravinna	24,6	Hóp eða paravinna	21,2
Kennarafyrirlestrar	19,4	Kennarafyrirlestrar	16,2
Umræður í bekknum	11,0	Umræður í bekknum	14,4
Nemendafyrirlestrar	7,3	Verklegar æfingar/tilraunir	13,1
Verklegar æfingar/tilraunir	4,2	Hljóðsnældur	3,6
Upplýsingaleit í tölvu	2,1	Myndbönd	1,8
Hljóðsnældur	1,6	Upplýsingaleit í tölvu	1,8
Vettvangsferðir	1,0	Vettvangsferðir	1,8
Forrit	0,5	Forrit	1,4
Myndbönd	0,0	Nemendafyrirlestrar	0,9
Vefleiðangrar	0,0	Vefleiðangur	0,0

Eins og sést á töflunni þá er einstaklingsvinna og hóp- eða paravinna mest notuðu kennsluaðferðirnar núna eins og árið 2003. Næst á eftir kokma kennarafyrirlestrar. Einnig má sjá að núna eru notaðar fleiri aðferðir heldur en 2003. Athyglisvert er að verklegar æfingar/tilraunir eru meir notaðar nú en 2003. Þessi munur kann að liggja í því að núna voru metnir mun fleiri áfangar heldur og hlutfallslega fleiri verklegir heldur en 2003.

Tafla 5. Kennsluaðferðir sem henta nemendum best árin 2003 og 2008.

Lestu aftur yfir listann og merktu við ÞRJÁR kennsluaðferðir sem henta þér best			
Kennsluaðferð	% 2003	Kennsluaðferð	% 2008
Einstaklingsvinna	23,0	Einstaklingsvinna	25,9
Hóp eða paravinna	19,4	Hóp eða paravinna	15,6
Umræður í bekknum	12,8	Kennarafyrirlestrar	14,8
Kennarafyrirlestrar	12,2	Umræður í bekknum	13,6
Upplýsingaleit í tölvu	8,2	Verklegar æfingar/tilraunir	13,2
Verklegar æfingar/tilraunir	8,2	Upplýsingaleit í tölvu	6,2
Myndbönd	6,1	Myndbönd	2,9
Vettvangsferðir	3,6	Hljóðsnældur	2,5
Vefleiðangur	2,6	Nemendafyrirlestrar	2,1
Nemendafyrirlestrar	2,0	Forrit	2,1
Forrit	1,5	Vettvangsferðir	1,2
Hljóðsnældur	0,5	Vefleiðangur	0

Litlar breytingar hafa orðið á því hvaða kennsluaðferðir nemendur telja að henti sér best. Vert er þó að benda á að þeim nemendum hefur fjölgað umtalsvert sem vilja nota hljóðsnældur. Þetta kann að endurspeglar það að nemendum með námsörðugleika hefur fjölga í skólanum undanfarin ár..

Tafla 6. Samanburður á mest notuðu kennsluaðferðunum og þeim sem nemendur telja að henti sér best.

Mest notaðar	% 2008	Val nemenda	% 2008
Einstaklingsvinna	23,9	Einstaklingsvinna	25,9
Hóp eða paravinna	21,2	Hóp eða paravinna	15,6
Kennarafyrirlestrar	16,2	Kennarafyrirlestrar	14,8
Umræður í bekknum	14,4	Umræður í bekknum	13,6
Verklegar æfingar/tilraunir	13,1	Verklegar æfingar/tilraunir	13,2
Hljóðsnældur	3,6	Upplýsingaleit í tölvu	6,2
Myndbönd	1,8	Myndbönd	2,9
Upplýsingaleit í tölvu	1,8	Hljóðsnældur	2,5
Vettvangsferðir	1,8	Nemendafyrirlestrar	2,1
Forrit	1,4	Forrit	2,1
Nemendafyrirlestrar	0,9	Vettvangsferðir	1,2
Vefleiðangur	0,0	Vefleiðangur	0

Á þessari töflu má sjá að kennarar nota þær aðferðir sem nemendur telja að henti sér best. Þó vaknar sú spurning hvort svör þeirra endurómi aðferðirnar sem notaðar eru eða öfugt. Það væri áhugavert að rannsaka þetta nánar en það verður að bíða síns tíma.

Tafla 7. Mest notaðar matsaðferðir árin 2003 og 2008. Athugið að árið 2008 var einnig spurt um verkleg próf.

Matsaðferð	% 2003	Matsaðferð	% 2008
Skrifleg próf	21,8	Skriflegt próf	20,1
Mat á ritgerðum	21,3	Mat á ritgerðum	18,8
Mat á hóp- eða paravinnu	16,5	Símat fyrir verkefni og próf	14,3

Símat fyrir verkefni og próf	16,0	Verkleg próf	13,8
Mat á nemendafyrirlesturum	8,0	Mat á hóp- eða paravinnu	13,4
Mat á skýrslum	6,4	Mat á skýrslum	7,1
Munnleg próf	6,4	Sjálfsmata	5,8
Sjálfsmat	4	Mat á nemendafyrirlesturum	4,9
		Munnleg próf	1,8

Tafla 8. Matsaðferðir sem henta nemendum best árin 2003 og 2008.

Matsaðferð	% 2003	Matsaðferð	% 2008
Mat á ritgerðum	20,5	Símat fyrir verkefni og próf	16,8
Skrifleg próf	19,5	Skrifleg próf	15,9
Mat á hóp- eða paravinnu	18,4	Verkleg próf	14,2
Símat fyrir verkefni og próf	17,4	Mat á ritgerðum	13,7
Munnleg próf	7,4	Mat á hóp- eða paravinnu	12,8
Mat á nemendafyrirlesturum	5,8	Munnleg próf	8,8
Mat á skýrslum	5,8	Sjálfsmat	6,6
Sjálfsmat	5,3	Mat á skýrslum	6,2
		Mat á nemendafyrirlesturum	4,9

Tafla 9. Samanburður á mest notuðu matsaðferðunum og þeim sem nemendur telja að henti sér best.

Mest notað	% 2008	Val nemenda	% 2008
Skriflegt próf	20,1	Símat fyrir verkefni og próf	16,8
Mat á ritgerðum	18,8	Skrifleg próf	15,9
Símat fyrir verkefni og próf	14,3	Verkleg próf	14,2
Verkleg próf	13,8	Mat á ritgerðum	13,7
Mat á hóp- eða paravinnu	13,4	Mat á hóp- eða paravinnu	12,8
Mat á skýrslum	7,1	Munnleg próf	8,8
Sjálfsmata	5,8	Sjálfsmat	6,6
Mat á nemendafyrirlesturum	4,9	Mat á skýrslum	6,2
Munnleg próf	1,8	Mat á nemendafyrirlesturum	4,9

Eins og við var að búast þá eru skrifleg próf algengasta matsaðferðin ásamt mati á vinnu nemenda. Skrifleg próf eru aftur á móti í öðru sæti þegar nemendur eru spurðir hvaða aðferðir henti þeim best, bæði 2003 og 2008. Flest telja að símat henti þeim best, en skrifleg próf koma næst á eftir.

Matsaðferðir eru eitthvað sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun meðal kennara. Nýju framhaldsskólalögin gera beinlínis ráð fyrir því að þær verði endurskoðaðar og verður það sennilega best gert í hópavinnu kennara, enda er nauðsynlegt að samræma þær aðferðir sem notaðar eru að einhverju leyti.

Heimavistarkönnun

Á önninni var lögð fyrir heimavistarkönnun eins og gert var á vorönn 2005 (viðauki 3). Tölurnar inna sviga eru frá 2005. Á haustönn 2008 voru 17 nemendur sem svöruðu en þeir voru 21 vorið 2005. Núna voru 9 (3) stelpur og 7 (18) strákar á vistinni og einn sem svaraði ekki spurningunni um kyn. Meðalaldur stelpnanna var 19 (19,6) ár og meðalaldur strákanna 18,6 (19,4) ár. Meðalaldur vistarbúanna er 18,8 (20,7) ár og yngsti vistarbúinn er 15 (17) ára og sá elsti 25 (22) ára. Nemendur hafa verið að meðaltali 2,7 (2,6) annir á vistinni, 10 (1) eru á sinni fyrstu önn og einn hefur verið 8 annir á vistinni. Fimm (3) hafa verið annars staðar á heimavist. 16 (18) nemendur einir í herbergi.

Í úrvinnslunni á niðurstöðum könnunarinnar var valin sú leið að gefa einkunn, þannig að ef svarað var mjög vel þá var gefin einkunin 5 og svo lækkandi koll af kolli. Síðan var reiknuð meðaleinkunn fyrir hverja spurningu og eru þær sýndar í töflu 10.

Tafla 10. Niðurstöður heimavistarkönnunar í samanburði við könnun 2005.

Spurning	Eink.	2005
Hvernig líkar þér vistin?	4,0	3,6
Hvernig líkar þér maturinn?	4,5	3,2
Hvernig líkar þér stjórnun heimavistarinnar?	4,8	3,5
Hvernig finnst þér gæslan hafi verið?	4,5	3,9
Hvernig líkar þér félagslífið á vistinni?	3,3	2,4
Hvernig finnst þér fundirnir með skólameistara og heimavistarstjóra hafa nýst?	3,2	3,6
Hvernig finnst þér sameiginleg þrif heimavistarbúa hafa gengið?	4,4	3,8
Meðaleinkunn	4,1	3,4

Lægstu einkunnirnar fá félagslífið á vistinni og fundir með skólameistara og heimavistarstjóra. Þetta bendir til þess að endurskoða þurfi fyrirkomulag fundanna og einnig þarf markvisst að vinna að því að bæta félagslífið á vistinni. Það er auðvitað best að það komi frá nemendunum sjálfum hvernig eigi að gera það, en einnig þarf að athuga með hvaða hætti skólinn getur komið að því. Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður frá vorönn 2005 kemur í ljós að nemendur er ánægðari á vistinni núna. Einungis fundirnir fá verri einkunn núna.

Ýmsar athugasemdir komu fram þegar spurt var um hvað mætti betur fara á heimavistinni að mati nemendanna og eins þegar spurt var um annað sem þeir vildu koma á framfæri. Áberandi var að margir nefndu netið sem eitthvað sem þyrfti að laga og einn nefndi að það þyrfti að vera í lagi á prófatímum. Þá var bent á að það er kallt á vistinni. Allar athugasemdirnar voru sendar skólameistara, en hér eru nokkrar sem ástæða er til að birta:

- *Matur er góður.*
- *Fá hellur í eldhúsin öll.*
- *Jón Einar og Heiða eru æðisleg og maturinn hér er frábær, 100x betri en í mötuneyti ME.*
- *Vistarráð mætti plana eitthverja viðburði, lítið sem ekkert hægt að gera hér annað en að glápa á sjónvarpið.*

Gamlar tillögur

Eitt af því sem gert var á önninni var að fara yfir gamlar tillögur sem ekki hafa náð fram að ganga. Fyrst voru skoðaðar tillögur skólaársins 2007-2008 og síðan eldir tillögur.

Tillögur síðasta skólaárs sem ekki eru í farvegi en full þörf er á að koma í framkvæmd:

- Viðbragðsáætlun vegna vandamála.
 - Setja verklagsreglur hvað þetta varðar og etv. teymi innan skólans.
- Auka nýtingu kennara á þjónustu sérkennara og námsráðgjafa.
 - Brýna fyrir þeim að kynna hlutverk sitt og hvaða þjónustu þeir geta veitt kennurum.
- Auka samstarf kennara innan greina og milli greina. Hvernig er það best gert, markvisst og skipulega/formlega.
 - Festa í töflu á næsta ári stutta fundi vikulega fyrir samráð. Mikilvægt m.a. í ljósi athugasemda sem komu fram í áfangamati.
- Mæla prófatíma nemenda á haustönn og skoða sérstaklega tímamann m.t.t. hraðferðar- og hægferðaráfanga.
 - Stóð til að gera í haust en náðist ekki. Þarf að undirbúa vandlega og sérstaklega þarf að liggja fyrir hvað á að gera við niðurstöðurnar.
- Gera könnun meðal nemenda um viðhorf til skólans, líðan í skóla, samskipti við starfsfólk o.fl. þar sem henni var sleppt á vorönn en kannað viðhorf forráðamanna í staðinn.
 - Spurning um að tengja þetta við lífsstílskönnun ef af henni verður. Mætti fela nemdnur í félagsfræði að framkvæma könnun sem nær til allra nemenda skólans og mætti nýta til þess Surveymonkey vefinn.
- Endurskoða þarf áfangamat og annarmat mtt. spurninga um fjarkennsluvef. Í almennu áfangamati má sleppa þeim spurningum en útbúa sérstakt eyðublað fyrir þá áfanga þar sem fjarkennsluvefur er notaður.
 - Hefur ekki enn komist til framkvæmda en brýnt að gera þessar breytinga og þá í tengslum við nýtt fyrirkomulag áfangamats sem stenft er að að taka upp á vorönn.
- Gera könnun meðal allra nemenda skólans um vinnu með námi.
 - Þetta þarf til þess að fá fram hve stórt hlutfall nemenda vinna með skóla. Orða þarf betur spurningu um áhrif vinnu á frammistöðu í námi. Þarf að taka ákvörðun um hvenær og með hvaða hætti þetta verði gert. Gæti verið verkefni fyrir félagsfræðiáfanga.
- Fara yfir skýrsluna um samskipti forráðamanna nemenda við Verkmennaskóla Austurlands og vinna tillögur upp úr henni.
 - Ekki vannst tími fyrir þetta á haustönn. Taka þarf ákvörðun um hvenær þetta verður framkvæmt.

Á fundum sjálfmatsnefndar var farið yfir þær tillögur sem fram hafa komið gegnum árin en hafa ekki náð fram að ganga. Ákveðið var að birta þær helstu hér til áréttingar.

- Verkgreinakennurum verði falið að samræma þær vinnureglur sem viðhafðar eru þegar velja þarf nemendur inn á þær brautir þar sem fjöldatakmörkanir gilda. Svara þarf spurningunni um það hvort gefa eigi þessar reglur út.
 - EKKI GERT. Svana tekur að sér að sjá um þetta. Færist yfir á vorönn 2009.
- Fjölga félögum í NIVA. NIVA verði falið að hafa umsjón með útgáfu fréttabréfs.
 - EKKI GERT Hugmynd sem þar að koma til nemendafélagsins. Spurning með heimasíðu.

- Fela áfangastjóra að skrá í annarlok brottfall samkvæmt skilgreiningum ráðuneytis.
 - EKKI GERT. Biðja Bobbu um að gera þetta. Færist yfir á vorönn 2009.
- Kanna í lok vorannar/upphafi haustannar hvert þeir nemendur fara sem ekki skila sér hingað á næsta skólaár.
 - EKKI GERT. Áfangastjóri/námsráðgjafi/skrifstofa/umsjónarkennari. T.d. þeir sem á haustönn eru ekki búnir að sækja um á haustönn, sækja þá og fá ástæðu þess að þau sækja ekki um næstu önn. Þetta er mikil vinna og þarf að skipuleggja í þaula. Hefja undirbúning á vorönn 2009.
- Spyrja nemendur sem hætta um ástæður og taka saman. Hugsanlega getur námsráðgjafi sinnt þessu.
 - EKKI GERT. Sama á við um þennan lið eins og síðasta. Mikil vinna og spurning hver eigi að sinna þessu. Krefst góðs undirbúnings.
- Í endurskoðun á starfslýsingum þarf að bæta við almennum inngangi við hverja starfslýsingu. EKKI GERT. Almenn lýsing á starfi sem birt er t.d. á heimasíðu skólans og síðan nánari útfærsla í stofnanasamningi. Bíðum eftir nýjum lögum og reglugerðum um starfsfólk framhaldsskólanna.
- Á starfsdegi verði hver kennari látinn meta eina kennslubók samkvæmt lykli.
 - EKKI GERT. Frestað þar til nýtt námsefni verður tekið til skoðunar en greiningarlykill er til hjá sjálfsmatsnefnd.
- Námskeið um kennsluaðferðina *brautalausn* sem er kennsluaðferð sem er að ryðja sér til rúms í nágrannalöndum okkar og er talin vænleg til árangurs.
 - EKKI GERT. Fara með á kennarafund og sjá hvort menn hafi áhuga á svona námskeiði.

Tilögur haustannar 2008.

Hér á eftir koma þær tillögur sem fram komu við vinnu gæðanefndar á haustönn. Athugið að þeim er ekki raðað í forgangs röð.

- Lagt er til að þegar farið verður af stað með endurbætur í bóknámshúsi þá verði listinn með forgangsröðun hafður til hliðsjónar þar sem hann endurspeglar vilja starfsmanna.
- Virkja umhverfisnefnd skólans. Lagt er til að það verði gert í kringum grænfánann og þeirri vinnu verði hrint af stað á þessari önn.
- Gera aðra könnun meðal nemenda skólans varðandi félagsaðstöðu þeirra.
- Útfæra áfangamatið betur á vorönn 2009. Gera matið rafrænt og nota til þess vef *Surveymonkey* eða sambærilegan.
- Stefna að því að allir áfangar skólans verði settir upp á kennsluvefnum. Getur það verið með þeim hætti að kennsluáætlun er sett inn í upphafi annar og síðan er hægt að færa daglega/vikulega það sem gert er í tímum. Allt aukaefni sem nemendur fá, t.d. ljósrit, gömul prófverkefni, gömul lokapróf, o.fl., er hægt að setja inn á kennsluvef.
- Setja íþróttatíma í stundatöflu með íþóttakennara.

- Efla samráð kennara m.t.t. prófa og skil á stórum verkefnum í kringum miðannamat.
- Gömul próf. Lagt er til að hætt verði við fyrirkomulag á ljósritun gamalla prófa fyrir nemendur. Prófum hveurrar annar verður safnað á sameign þannig að ritari geti prentað þau út í stað þess að ljósrita. Fast gjald verði ákveðið fyrir útprentun. Fela kerfisstjóra að útfæra fyrirkomulag geymslunnar nánar.
- Leggja niður karnevalgöngu á þemadögum. Vera með þemu, hópavinnu, námskeið og smiðjuvinnu í staðinn. Virkja NIVA í þessu sambandi og gera einn eða fleiri kennara ábyrga fyrir framkvæmd þemadaga/sprotaviku.
- Rjúfa einangrun vistarbúa með því að koma á föstu samstarfi á milli NIVA og vistarráðs.
- Skoða skipulag á fundum skólameistara, heimavistarstjóra og vistarbúa.
- Meta störf skólameistara á vorönn.

VIÐAUKAR

Viðauki 1

Í könnunum meðal starfsfólks skólans hafa ýmsar hugmyndir komið fram um endurbætur. Hér að neðan eru nokkrar þeirra. Kennarar eru beðnir um að velja 7 og forgangsraða þeim, þ.e. númera frá 1 upp í 7 þar sem 1 er mikilvægast.

- Skilrúm og hillur á kennararými.
- Bókasafn þyrfti að efla t.d.ný húsgögn og búnað.
- Setja loftræstingu í bóknámshús.
- Setja upp vatnsvél með klakavél á kaffistofu starfsfólks
- Listaverk á hverja hæð í læstum kössum, t.d. úr safni Tryggva Ólafssonar og safni bæjarins.
- Kerfisloft í hverja stofu.
- Nýja kennarastóla í kennslustofur þar sem við á.
- Endurnýja húsgögn í kennslustofum.
- Endurnýja húsgögn í sameiginlegum rýmum.
- Flott fiskabúr í skólann í samvinnu við Búlandið og fleiri aðila.
- Gefa stofum nöfn.
- Breyta lýsingu í stofum þ.a. hægt sé að slökkva við töflu.
- Kortakerfi í stofur 5, 8 og 9.
- Algjöra endurskipulagningu á stofu 9 í m.t.t. efna-, eðlis- og líffræðikennslu.
- Nýta skot utan frá gangi sem sýningar skáp í stofum 8 og 9.
- Monitor fyrir kennara í stofu 11.
- Skjávarpa í stofu 12.
- Prentara hjá ljósritunarvél á gangi fyrir nemendur.

Ytra umhverfi skólans

Forgangsraða þessum liðum

- Henda blómakerjum – steinker í staðinn.
- Setja skýli yfir öskutunnur / þak yfir reiðhjólstatíf (reyksvæði).
- Stoppa bílaumferð að norðanverðu.
- Fjölga trjám að norðanverðu og runnum.
- Runna ofan við göngustíg að norðanverðu.
- Skilti þarf að endurnýja, á vegg eða ofar, þríhyrningur á nv-horn lóðar.



MATSBLAÐ - haust 2008

ÁFANGI _____

KK

KVK

Fæðingarár: _____

Fékkst þú kennsluáætlun í upphafi annar?

Já

Nei

Vinsamlega metið eftirfarandi:

Lægst

Hæst

	1	2	3	4	5
1. Hvernig kennsluáætlun er fylgt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. Skipulag kennarans	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. Samskipti þín við kennarann	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. Viðmót kennara við nemendur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5. Kennslu greinarinnar í heild	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6. Fyrirkomulag íþróttakennslu	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7. Námsefni	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hefðir þú viljað fá meira eða öðruvísi námsefni?

Já

Nei

Ef já, hvernig? _____

Er kennsluvefurinn notaður í áfanganum?

Já

Nei

Ef já, hversu ánægð/ur ert þú með hann?

Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann eða skólavist þína:

Sprotavika/þemavika

Í fyrirhugaðri sprotaviku á vorönn er stefnt að því að brjóta upp hefðbundna kennslu hluta úr degi. Hvernig vilt þú verja þessum tíma?

- | | |
|---------------------------------------------|------------------------------------|
| 7. Í sérstakt þema | 10. Í námskeið |
| 8. Í hópavinnu | 11. Í smiðjuvinnu í listgreinum |
| 9. Í fyrirlestra og fræðslu um ýmis málefni | 12. Eða eitthvað allt annað, hvað? |
-
-

Athugaðu að eftirtaldar spurningar gilda almennt um ALLA ÁFANGA.

Lestu yfir listann og merktu við þær **ÞRJÁR** kennsluaðferðir sem eru mest notaðar af kennurum þínum.

- | | | |
|----------------------------------------------|-------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Einstaklingsvinna | <input type="checkbox"/> Hjóðsnældur | <input type="checkbox"/> Verklegar æfingar / tilraunir |
| <input type="checkbox"/> Hóp - eða paravinna | <input type="checkbox"/> Myndbönd | <input type="checkbox"/> Vettfangsferðir |
| <input type="checkbox"/> Kennarafyrirlestrar | <input type="checkbox"/> Umræður í bekknum | |
| <input type="checkbox"/> Nemendafyrirlestrar | <input type="checkbox"/> Upplýsingaleit í tölvu | |
| <input type="checkbox"/> Forrit | <input type="checkbox"/> Vefleiðangur | |

Lestu aftur yfir listann og merktu við þær **ÞRJÁR** kennsluaðferðir sem henta þér best.

- | | | |
|----------------------------------------------|-------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Einstaklingsvinna | <input type="checkbox"/> Hjóðsnældur | <input type="checkbox"/> Verklegar æfingar / tilraunir |
| <input type="checkbox"/> Hóp - eða paravinna | <input type="checkbox"/> Myndbönd | <input type="checkbox"/> Vettfangsferðir |
| <input type="checkbox"/> Kennarafyrirlestrar | <input type="checkbox"/> Umræður í bekknum | |
| <input type="checkbox"/> Nemendafyrirlestrar | <input type="checkbox"/> Upplýsingaleit í tölvu | |
| <input type="checkbox"/> Forrit | <input type="checkbox"/> Vefleiðangur | |

Hér er listi yfir mismunandi aðferðir við að meta vinnu nemenda. Lestu yfir listann og merktu við þær **ÞRJÁR** aðferðir sem mest eru notaðar af kennurum þínum.

- | | | |
|-----------------------------------------------------|------------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Mat á hóp-eða paravinnu | <input type="checkbox"/> Mat á ritgerðum | <input type="checkbox"/> Símat fyrir verkefni og próf |
| <input type="checkbox"/> Mat á nemendafyrirlesturum | <input type="checkbox"/> Mat á skýrslum | <input type="checkbox"/> Sjálfsmat |
| | <input type="checkbox"/> Munnleg próf | <input type="checkbox"/> Skrifleg próf |
| | <input type="checkbox"/> Verklegr próf | |

Lestu yfir listann og merktu við þær **ÞRJÁR** matsaðferðir sem **ÞÉR** finnst koma kunnáttu þinni best til skila.

- | | |
|-----------------------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Mat á hóp-eða paravinnu | <input type="checkbox"/> Verklegr próf |
| <input type="checkbox"/> Mat á nemendafyrirlesturum | <input type="checkbox"/> Símat fyrir verkefni og próf |
| <input type="checkbox"/> Mat á ritgerðum | <input type="checkbox"/> Sjálfsmat |
| <input type="checkbox"/> Mat á skýrslum | <input type="checkbox"/> Skrifleg próf |
| <input type="checkbox"/> Munnleg próf | |

HEIMAVISTARKÖNNUN HAUST 2008

Þú ert vinsamlegast beðin/nn um að svara eftirfarandi spurningum sem eru liður í því að endurmeta og bæta þjónustu við nemendur og aðstæður á heimavistinni.

Kyn: _____

Aldur: _____

1. Hversu lengi hefur þú dvalið á heimavist VA?

_____ önn/annir. _____ ár.

2. Hefur þú dvalið á öðrum heimavistum en VA.

Já _____ Nei _____

3. Ert þú ein/nn í herbergi?

Já _____ Nei _____

4. Hefur þú kynnt þér reglur heimavistarinnar?

Já _____ Nei _____

5. Hvernig hefur þér gengið að fara eftir þeim?

Vel _____ Illa _____

6. Ef illa, þá af hverju?

7. Hvernig líkar þér vistin?

Mjög vel () Vel () Sæmilega () Illa () Mjög illa ()

8. Hvernig líkar þér maturinn?

Mjög vel () Vel () Sæmilega () Illa () Mjög illa ()

9. Hvernig líkar þér stjórnun heimavistarinnar?

Mjög vel () Vel () Sæmilega () Illa () Mjög illa ()

10. Hvernig finnst þér gæslan hafa verið?

Ágæt () Góð () Sæmileg () Slæm () Mjög slæm ()

11. Hvernig líkar þér félagslífið á vistinni?

Mjög vel () Vel () Sæmilega () Illa () Mjög illa ()

12. Hvernig finnst þér fundirnir meðskólameistara og heimavistarstjóra hafa nýst?

Mjög vel () Vel () Sæmilega () Illa () Mjög illa ()

13. Hvernig finnst þér sameiginlegu þrif heimavistarbúa hafa gengið?

Mjög vel () Vel () Sæmilega () Illa () Mjög illa ()

14. Hvað má betur fara á heimavistinni að þínu mati?

15. Annað sem þú vilt taka fram varðandi veru þína á heimavist VA?
